

50. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 8. maí 2008 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Starfsmannamál. Nýr starfsmaður kynntur; 2. ársrit; 3. geymslumál; 4. önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn og Kristín Lorange skjalavörður fyrri hluta hans.

1. **Starfsmannamál.** Nýr starfsmaður kynntur: Kristín Lorange, BA í bókmenntafræði, hefur verið ráðin skjalavörður og hóf störf í síðustu viku. Var hún kynnt fyrir stjórninni sem bauð hana velkomna til starfa.
2. **Ársrit:** Verið er að brjóta ársritið um hér í tölvu. Eftir að búið er að brjóta um verður leitað tilboða í prentun. Stefnt er að því að ritið komi út 7. júlí í tilefni af því að í sveitarstjórnarkosningum 1946 í Seltjarnarneshreppi náði Framfarafélag Kópavogs meirihluta í hreppsnefnd sem má til sanns vegar færa að hafi verið upphaf Kópavogs sem sérstaks sveitarfélags.
3. **Geymslumál:** Í Hamraborg 14A er geymsla sem tekin er á leigu. Héraðsskjalavörður hefur ekki lykil að þessu húsnæði en þegar þau mál eru komin í lag þurfum við að koma þangað ýmsu dóti og rýma til hér í húsnæði safnsins.
4. **Önnur mál:** a) Í nýlegri verðlækkun bóka keypti héraðsskjalavörður nokkrar gagnlegar bækur, orðabækur og handbækur, á góðu verði. b) Héraðsskjalaverði hefur borist frumvarp um Þjóðskjalasafn frá menntamálanefnd Alþingis til umsagnar. Stjórn felur héraðsskjalaverði að svara þessu erindi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:30.  
Fundarritari Bjarni Ólafsson